

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Vesturbyggð, Borg í Grímsnesi.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Vesturbyggðar sem tekur til hluta þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Í breytingunni felst endurskilgreining á staðföngum og númerum lóða á uppdrætti og innan greinargerðar deiliskipulagsins í takt við reglugerð um skráningu staðfanga. Samþykkt í sveitarstjórn 5. apríl 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. apríl 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.